

IÖNAÐARSVÆÐI VIÐ GAGNHEIÐI II. ÁFANGI

SKIPULAGSSKILMÁLAR

2006020074

1.0 Sérákvæði

1.1 ● Svæðið

Skipulagið tekur til 53 lóða (grunneininga) við Gagnheiði. Svæðið er um 14,1 ha og lóðir þar af um 11,6 ha. eða 83 %. Það liggur suðvestur af ~~í~~ iönaðarsvæði við Gagnheiði og Eyra veg.

1.2 Landnotkun

A lóðunum er heimilt að reisa iönaðar-, þjónustu- og /eða geymsluhúsnæði. Byggja má eina hæð með vegg-hæð 6,0 m. eða minna, með kjallára þar sem aðstæður leyfa.

1.3. ● Fjarlægðir

Hús skulu byggð í bindandi byggingarlinum og skulu þau vera innan byggingarreits. Hefja skal fyrstu byggingarframkvæmdir á hverri lóð í býrjunarlinu. Fjarlægð húsa frá lóðar-mörkum skal vera 5,0 m. eða meira.

N.B.

1.4. ● Nýting

Hámarks nýtingarhlutfall skal vera 0,3.

1.5 ● Húsagerð

Hús skulu vera einnar hæðar með risþaki. Stefna mænis er sýnd á skipulagsuppdrætti. Skipulagsyfirvöld geta krafist þess að samræmis gæti í útliti og efnisvali utanhúss, bæði milli húsa á sömu lóð og milli húsa á aðliggjandi lóðum.

1.6 Bifreiðastaði, aðkomu

Gera skal ráð fyrir einu bifreiðastaði á hverja 50 fm. af flatarmáli húss og skal sýna skipulag þeirra á aðalteikningu.

Staðsetning bifreiðastæða og tenging lóða við götur eru sýnd á skipulagsuppdrætti.

1.7. Frumdrög, fyrirspurn

Aður en aðalteikningar eru lagðar fram til fyrir-spurnar skal leggja fyrir byggingarnefnd frumdrög að fyrirhuguðum mannvirkjum til fyrirspurnar. Fyrirspurn skal fylgja tillaga að skipulagi lóðarinnar, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á lóðinni, framkvædaröð, ef um áfangauppbryggingu er að ræða, inngöngum í byggingar, göngustigum á lóð,

aðkomu ökutækja, bifreiðastæðum, almennum og sérhæfðum athafnasvæðum, gróðurreitum, sorpgeymslum o.fl. Með fyrirspurn skal fylgja lýsing á fyrirhuguðum rekstri, þar sem m.a. skal koma fram hvort um hugsanlega mengun eða notkun hættulegra efna sé að raða ( Mkv. I : 100 eða I : 200 ).

- 1.8 Aðalteikning, byggingarleyfi  
Með aðalteikningu og umsíðokni um byggingarleyfi skal fylgja lýsing á burðarvirki og efnisvali ásamt áætlun um framkvæmd verksins. Teikningar skulu þannig málsettar, að auðvelt sé að reikna út rúmmál og flatarmál húsa án mælinga. Allar innréttингar skulu vera í réttum málíkvarða. A afstöðumynd skal sýna skipulag og hæðarlegu lóðar og áfangauppbryggingu mannvirkja miðað við endanlega nýtingu. Öll fyrirhuguð mannvirkni skulu samþykkt áður en byggingarleyfi er veitt.
- 1.9 • Lóðarmörk  
Mannvirki og frágang lóða skal miða við að nágranna-lóð sé óröskuð nema samningar seu gerðir milli lóðarhafa t.d. um sameiginlegan frágang. Þar sem lóðir liggja að gangstigum, götum eða opnum svæðum, getur byggingarnefnd krafist þess að lóðarhafi reisi tveggja metra háá girðingu við lóðarmörk í samráði við byggingarnefnd eða rækti upp gróðurbelti með trjágróðri
- 1.10 Frankvandir  
Óheimilt er að nota annað svæði en úthlutaða lóð sem vinnustað. Uppgröftur, byggingarefnir og annað sem að byggingarfrankvandum lýtur verður fjarlægt á kostnað lóðarhafa ef útaf er brugðið. Byggingarfulltrúi getur ákveðið hvert flytja skuli umfram-uppgröft af lóðum.
- 2.0 Almenn ákvæði
- 2.1 Lóðarsamningur  
samningur um lóðarleigu verður því aðeins gerður að lóðarhafi framvisi vottorði byggingarfulltrúa um að lóð hafi verið sett í rétta hæð skv. maliblaði, hús sé fokhelt og gatnagerðargjald greitt

## 2.2 • Timamörk?

Lóðarhafar skulu ganga frá lóðum sinum við fyrstu hentugleika. Ganga skal frá lóðum, sem þegar hefur verið byggt á, eigi síðar en 18 mánuðum frá gildistöku skipulagsins og öðrum lóðum eigi síðar en 18 mánuðum frá útgáfu fokheldisvottorðs.

Ef um áfangauppgöggingu mannvirkja er að ræða getur byggingarfulltrúi leyft að frágangur á hluta lóðar, þar sem byggja á síðar, sé einfaldari en gert er ráð fyrir i skipulagi hennar, enda sé að fullu gengið frá þeim lóðarhluta eigi síðar en 4 árum frá útgáfu ofangreinds leyfis byggingarfulltrúa.

## 2.3 Gathagerðar- gjald

Um upphæð og gjalddaga gatnagerðargjalds er visað til gildandi gjaldskrár Selfossbæjar.

## 2.4 Sérskilmálar

Hlita skal skilmálum byggingaryfirvalda og veitu-stofnana varðandi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu sima og gatnagerð.

## 2.5 Reglugerðir

Hlita skal að öllu leyti ákvæðum byggingarreglugerðar, skipulagsreglugerðar, reglugerðar um brunavarnir og brunamál, staðfestu deiliskipulagi og þessum skilmálum með því.

\* HUGMYND ÁB VIÐSÓT V. AE. 1.g. "LÓÐAEMÖRK":

Þar sem 2 lóðir hafa sameiginlega innkeyrslu mun Selfossbær láta fullgera hana skv. skipulagsupprætti um leið og innkeyrslustútur utan lóðarmarka er gerður. Kostnað greiða lóðarhafar, sinn helming hvor.

Þar sem 3 eða fjórar lóðir eru um sameiginlegan aðkomubothnlanga mun Selfossbær láta fullgera hann skv. skipulagsupprætti eftir að fyrstu lóð er úthlutað. Kostnað greiða lóðarhafar, briðung eða fjórðung hver, eftir því sem við á.